143. fundur stjórnar Kennarasambands Íslands

Haldinn í Kennarahúsinu við Laufásveg
Föstudaginn 18. febrúar 2011 kl. 08:30

Mættir voru: Eiríkur Jónsson, Elna Katrín Jónsdóttir, Þórður Á. Hjaltested, Haukur Már Haraldsson, Aðalheiður Steingrímsdóttir, Valgeir Gestsson, Þorgerður Diðriksdóttir, Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson, Marta D. Sigurðardóttir, Hanna Berglind Jónsdóttir, Ingibjörg Kristleifsdóttir, Sigrún Grendal, Hannes Þorsteinsson, Oddur S. Jakobsson og Helgi E. Helgason sem ritaði fundargerð.

Stefán Andrésson og Ólafur Loftsson boðuðu forföll.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð 142. fundar.
2. 5. þing KÍ 6.-8. apríl 2011.
   a. Þema þings - gestafyrirlesari o.fl.
   b. Farið yfir verkefnalista o.fl. í aðdraganda þings.
3. Samstarf um símenntun.
4. Staða samningamála.
5. Lögfræðimál.
6. Biðlaunaréttur kjörinna starfsmanna á skrifstofu KÍ.
7. Húsnæðismál KÍ.
8. Starfamál á skrifstofu.
9. Erindi fjármálaráðherra um skipun fulltrúa í viðræður um fjárhag LSR.
10. Málefni félagsmanna sem lenda í að stöður þeirra eru lagðar niður.
11. Frá barnahópi velferðarvaktarinnar.
12. Önnur mál.

1. Fundargerð 142. fundar

Fundargerð 142. fundar samþykkt.

2. 5. þing Kennarasambands Íslands 6.-8. apríl 2011

a. Þema þings - gestafyrirlesari

Staðfest að yfirskrift þingsins verði „Í skólanum, í skólanum...“ og þema þess verði „Í skólanum er framtíð þjóðar falin“. Staðfest að Peter Mortimore verði gestafyrirlesari á þinginu. Stefnt er að því að erindi hans verði haldið í tengslum við erindi Katrínar Jakobsdóttur menntamálaráðherra. EKJ hefur séð um samskipti við PM og kynnti spurningar frá honum sem hún vinnur nú að því að svara. Stjórnarmönnum gefst kostur á að senda efni og tillögur til EKJ en stefnt er að senda svör til PM í næstu viku. Nokkrir gestir frá kennarasamtökum á Norðurlöndum hafa staðfest komu sína á þingið.

b. Starfshópar um einstaka málaflokka eru enn að störfum

Farið yfir stöðuna hjá hópunum:

A. Stefna í kjaramálum

ÞÁH kynnti fyrstu drög að kjarastefnu og ályktun um kjaramál fyrir 5. þing KÍ, tillögur nefndar um launa- og kjaramál (ÞÁH, SG og OSJ). Drögin hafa áður verið kynnt í kjararáði. Drögin voru send til aðildarfélaganna. Engar athugasemdir hafa borist. Nefndinni falið að halda starfi sínu áfram í anda umræðna á fundinum. Eftirtaldir tóku til máls undir þessum dagskrárlið auk ÞÁH: EJ, ÞD,OSJ, AS,SG,KBG, EKJ, MDS, HBJ og IK og HMH.

B. Skólastefna KÍ 2011-2014

EKJ kynnti vinnuskjal starfshóps um skólamál (frá 16.2. 2011 með drögum að skólastefnu KÍ. Í drögunum er horfið frá því að rita skólastefnu hvers skólastigs heldur er miðað við að einstakir kaflar geti tekið til allra skólastiga og helst einnig tónlistarskóla. Gert er ráð fyrir að sértækt efni sem „verður afgangs“ geti farið í kafla um sérstök atriði eða sérstakar ályktanir vegna leikskólastigs, grunnskólastigs o.s.frv. Til máls tóku auk EKJ: EJ, ÞD, HBJ, IK, SG, AS, ÞÁH.

C. Lög KÍ

EJ gerði grein fyrir og kynnti drög að breyttum lögum KÍ. Kynnti jafnframt tillögu um milliþinganefnd sem taki lögin í heild til endurskoðunar. Til máls tóku auk EJ: MDS, EKJ, KBG, ÞD og AS. Laganefndinni (EJ, ÓL og AS) falið að ganga frá drögunum að tillögum um lagabreytingar.

D. Fjárhagsáætlun

HÞ gerði grein fyrir drögum að fjárhagsáætlun fyrir næsta kjörtímabil sem enn er í vinnslu. Stefnt er að því að leggja fjárhagsáætlunina í heild fyrir formannafund

fljótlega og síðan fyrir næsta stjórnarfund. Gert er ráð fyrir að aðildarfélögin hafi aðgang að drögunum áfram meðan þau eru á vinnslustigi og þau síðan send stjórnarmönnum til kynningar þannig að þeir geti kynnt sér þau áður en þau verða formlega tekin til afgreiðslu í stjórn KÍ. Til máls tóku auk HÞ: EJ, ÞD, SG, IK og KBG.

E. Innra starf

AS gerði grein fyrir starfi nefndar um innra starf og félagsmál. Dreifði bæklingi (Kjaramál, félagsmál og þjónusta) og fór yfir efnisþætti hans. Dreifði einnig minnisblaði með umræðupunktum nefndarinnar. Til máls tóku auk AS: EJ, EKJ, ÞD, HMH, SG, HBJ, ÞÁH og MDS.

HÞ gerði grein fyrir stöðu húsnæðismála KÍ. Svör hafa ekki borist frá arkitektum nýs sjúkrahúss á Landspítalóðinni og málið í biðstöðu.

3. Samstarf um símenntun

EKJ kynnti fundargerðir vinnuhóps vegna fyrirhugaðrar endurskoðunar símenntunarmála kennara. Hópurinn hefur haldið tvo fundi og vinnur að skilgreiningu verkefna samstarfsaðila þ.e. háskólanna, KÍ, mmrn. og SÍS. Fulltrúar í hópnum eru: Edda Kjartansdóttir fyrir háskólana, Svandís Ingumundardóttir fyrir SÍS, Sigurjón Mýrdal fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og Elna Katrín Jónsdóttir fyrir KÍ.

4. Staða samningamála

Rætt um samningamál. Fram kom að lítil hreyfing væri á málum. Til máls tóku: EJ, HBJ, ÞD, AS.

5. Lögfræðimál

5.1 Rætt um málefni Orlofssjóðs.

5.2 Rætt um biðlaunamál. Ítrekuð samþykkt stjórnar um að KÍ fari í mál verði biðlaunaréttur brotinn á félagsmönnum sem sagt er upp vegna niðurlagningar starfa.

5.3 AS greindi frá máli úr einum af framhaldsskólum landsins sem beint hefur verið til félagsins, FF. Málið snýst um að skólinn áformar að segja upp fastráðnum kennara til að knýja fram lækkun á starfshlutfalli hans og síðan að auglýsa stöðuna með lægra starfshlutfalli sem kennarinn geti sótt um. Kennarinn gæti staðið frammi fyrir því að uppfylla allt í einu ekki hæfisskilyrðin í það starf sem hann hefur gegnt til margra ára. AS telur að áformin séu ekki í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga um að gætt skuli meðalhófs í ákvörðunum. EJ var falið að skoða málið.

6. Biðlaunaréttur kjörinna starfsmanna á skrifstofu KÍ

Lögð fram drög að reglum um biðlaun hjá Kennarasambandi Íslands. Samþykkt að fella niður málsgreinina „Réttur til biðlauna á einungis við um þá sem eru í starfi er veitir rétt til biðlauna er þeir eru kjörnir til starfa“. Reglurnar samþykktar svo breyttar.

7. Húsnæðismál KÍ

Sjá lið 2.

8. Starfamál á skrifstofu

EJ skýrði frá því að Hafdísi Dögg Guðmundsdóttir hefði verið ráðlagt af lækni að minnka við sig vinnu. Lagði til að HDG yrði boðið 75-80% starf á miðlægu félagasviði. EJ benti á að með þessari breytingu skapaðist svigrúm fyrir félög sem verið hafa utan sviðsins til að fá aðild að starfi þess. Samþykkt að heimila formanni að ganga frá ráðningarsamningi við HDG og jafnframt að auglýsa starf þjónustufulltrúa þegar Björg Bjarnadóttir hættir því starfi.

9. Erindi fjármálaráðherra um skipun fulltrúa í viðræður um fjárhag LSR

Kynnt bréf frá fjármálaráðuneyti þar sem óskað er eftir tilnefningu fulltrúa KÍ í starfshóp um málefni LSR. Samþykkt að tilnefna Odd S. Jakobsson fulltrúa KÍ.

10. Málefni félagsmanna sem lenda í því að stöður (störf) þeirra eru lögð niður

Kynnt tölvubréf frá IK. Þar er vakin athygli á því að vegna hugmynda um sameiningu skóla og annarra hagræðingaraðgerða standi fjöldi félagsmanna KÍ frammi fyrir þeim möguleika að störf þeirra verði lögð niður. Leggur IK til að KÍ fjalli sérstaklega um vanda þessa fólks og beiti sér fyrir sérfræðiaðstoð við umrædda félagsmenn. Samþykkt að fela Ingibjörgu Úlfarsdóttur, Þórði Á. Hjaltested og Hafdísi Dögg Guðmundsdóttur að gera tillögur um málið. Til máls tóku: IK, KBG, EJ, MDS, ÞD, SG, HBJ og ÞÁH.

11. Barnahópur velferðarvaktarinnar

MDS sagði frá starfi barnahóps velferðarvaktarinnar. Sagði einnig frá fundi stýrihóps velferðarvaktarinnar sem hún sat í fjarveru EJ.

12. Önnur mál

12.1 Samþykkt að lýsa yfir stuðningi Kennarasambands Íslands við framboð Haldisar Holst frá Noregi til varaformanns EI.

12.2 Frestað til næsta fundar að ræða réttindi atvinnulausra til bóta úr Sjúkrasjóði KÍ. Stjórnarmenn beðnir um að hugsa málið milli funda.

12.3 Samþykkt að fá Capacent til að gera úttekt á viðbrögðum Finna í efnahagskreppu þeirra í upphafi 10. áratugarins.

12.4 Fram kom að KÍ hefur verið boðið að eiga aðild að útgáfu bókar um íslenska atvinnuhætti. Ákveðið að skoða málið betur.

12.5 AS vakti athygli á vanda sem skapast hefur vegna félagsmanns sem á aðild að FF og FG (er í 50% starf í framhaldsskóla og 60% starf í grunnskóla). Hann býður sig fram til setu í samninganefnd FF á sama tíma og hann á sæti í stjórn Kennarafélags Reykjavíkur. Samþykkt að vísa málinu EJ, AS og OL og þeim falið að leita álits lögfræðings. Til máls tók auk AS: ÞD, EKJ, EJ, HMH.

12.6 EKJ tilkynnti að hún myndi ekki sækja vorfund ETUCE þar sem hún er að hætta störfum fyrir KÍ.

12.7 Lögð fram til kynningar ályktun stjórnar FL frá 16. febrúar 2011 vegna niðurskurðar fjárveitinga til leikskóla hjá sveitarfélögum landsins.

12.8 Tilkynnt að halda næsta fund stjórnar annað hvort 4. eða 11. mars.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:30
Haukur Már Haraldsson
Helgi E. Helgason
fundarritarar